

FRAMKVÆMDARREGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1786

2025/EES/10/21

frá 27. júní 2024

**um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóniumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr,
ketti og hunda (leyfishafi er BASF SE) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð
(ESB) nr. 725/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (¹), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftrifarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.
- 2) Blanda með ammóniumklóríði var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2013 (²).
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóniumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (lækkun sýrustigs í hlandi)“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áltí sínu frá 23. mars 2022 (³) að blandan með ammóniumklóríði sé áfram örugg fyrir jórturdýr, ketti og hunda, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ammóniumklóríð teljist húð- og augnertandi og hugsanlegur öndunarfæræmir en að það sé ekki húðnæmir. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins. Hún taldi að ekki væri þörf á sértaðum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.
- 5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir ammóniumklóríð sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (⁴) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.
- 6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með ammóniumklóríði uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndaráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndaráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

(*) Pessi ESB-gerð birtist í Stjórið. ESB L, 2024/1786, 28.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(¹) Stjórið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2013 frá 26. júlí 2013 um leyfi fyrir ammóniumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda (leyfishafi er BASF SE) (Stjórið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/725/oj).

(³) *Tilöndi Matvælaöryggisstofunar Evrópu* 2022 20(4), 7255.

(⁴) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjórið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj>).

- 7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með ammóniumklóríði sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 úr gildi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERD ÞESSA:

I. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndu með ammóniumklóríði, sem tilheyrir aukefnafloknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 er felld úr gildi.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKEFNI

Kenninúmer föður- aukefnisins	Nafn leyfisáfa	Aukefni	Samsæning, eftaformula, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldir	Lágrarks- innihald	Hámarks- innihald	Leyfi rennur út
Flokkur: dýraræktaraukefni. Vinkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (lækkun sýrustigs í hlundi)								
4d8	BASF SE	Ammoniumkloríð	Samsæning aukefni Blanda með ammoniumkloríði ≥ 99,0% Fast form.	Jórturdýr Kettir og hundar	- -	- -	5 000/ 10 000 5 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefnum og forblöndunum skal tilgreina geymsluskiðri og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu. 3. Að því er vandar jörturdýr skal nota aukefnið við eftirfarandi skilyrði: — hámarksinnihald sem nemur 5 000 mg af aukefni/kg heilföðurs á föðrunartímabili sem er lengra en þrír mánuðir eða — hámarksinnihald sem nemur 10 000 mg af aukefni/kg heilföðurs á föðrunartímabili sem er ekki lengra en þrír mánuðir 4. Blanda ólíkra ammoniumkloríðseiga fá skal ekki vera yfir leyfilegu hámarksinni í heiltöðri fyrir jörturdýr, ketti og hunda..

5.	Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu sjómandur föðurþyrtriækja kona á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkunni. Ef ekki eru unnt með slíkum reglum og ráðstöfum að eyða þessari áhættu skal nota personuháfar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.					

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaráðførðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en